



Blönduósi 7. febrúar 2014

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
Alþingishúsinu við Austurvöll  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 143/985*  
*komudagur 7.2.2014*

## 250. mál – lagafrumvarp – 140. löggjafarþingi 2013-2014

### *Frumvarp til laga um framkvæmdarvald og stjórnslu ríkisins í héraði*

#### UMSÖGN

Sýslumaðurinn á Blönduósi hefur kynnt sér efni frumvarps til laga um framkvæmdarvald og stjórnslu ríkisins í héraði, 250. þingmáls á 140. löggjafarþingi árin 2013-2014. Embættið lætur efnið sérstaklega til sín taka vegna sérverkefna sinna á sviði innheimtu og fullnustu, þ.m.t. töku ákvarðana um afplánun vararefsingar vegna ógreiddra sekta.

Innheimta sýslumannsins á Blönduósi – innheimtumiðstöðvar (IMST) er byggð upp með samkonar hætti og innheimta opinberra gjalda. Kröfur eru stofnaðar og hýstar í Tekjubókhaldskerfi ríkisins (TBR) og þeim úrræðum eftir atvikum beitt sem innheimtumaður ríkissjóðs almennt beitir. Hefur IMST með höndum innheimtu sekta, sakarkostnaðar, endurkrafna vegna greiðslna ríkisins á bótum til þolenda afbrota, endurkrafna vegna málskostnaðar í gjafsókn, endurkrafna vegna ofgreiðslna Fæðingarorlofssjóðs, Tryggingastofnunar og Vinnumálastofnunar, eftirlitsgjalda, dag- og stjórnvaldssekta Fjármálaeftirlitsins og dagsekta Vinnueftirlitsins.

Auk þess sem IMST er bersýnilega háð kerfisveitum og starfsemi sýslumannsembættisins á Blönduósi til að geta skilað tilætluðum árangri við innheimtu ríkiskrafna eru tengslin við lögregluna ekki síður nauðsynleg. Til að IMST geti rækt lögbundið hlutverk sitt við fullnustu sekta þarf aðgengi að lögreglakerfinu LÖKE að vera tryggt svo og skilvirkt samstarf og samskipti við lögreglu, t.a.m. í tengslum við eftirlýsingar og handtökur þeirra er afplána skulu vararefsingar.

Hingað til hafa starfsmenn IMST talist til jafns vera starfsmenn sýslumanns og lögreglustjóra og þannig haft aðgang að þeim tölvukerfum og starfsmönnum beggja sem þörf hefur krafist hverju sinni. Með breytingunni sem frumvarpið boðar er ljóst að starfsemi IMST mun falla að öðru hvoru, embætti nýs sýslumanns eða embætti nýs lögreglustjóra á Norðurlandi vestra. Kann breytingin þannig að fela í sér takmarkanir á getu IMST til að þjóna hlutverki sínu sem skyldi. Í ljósi þessa er talið mikilvægt að vekja athygli nefndarmanna á þeim forsendum sem þurfa að vera fyrir hendi svo að IMST geti starfað með óbreyttu sniði og án takmarkana þrátt fyrir þær breytingar sem frumvarpið boðar.

Er það von embættis sýslumannsins á Blönduósi að nefndarmenn taki erindið til athugunar og hlutist til um að tryggt verði, eftir atvikum með breytingum á lögum og/eða ákvæðum reglugerða, að IMST haldi óbreyttum úrræðum og aðgangi að opinberum kerfum til rækslu starfa síns eftir að ný embætti hafa tekið til starfa þann 1. janúar 2015.

Ekki eru gerðar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Virðingarfyllt,

  
Bjarni Stefánsson,  
sýslumaður á Blönduósi



  
Erna Björg Jónmundsdóttir,  
deildarstjóri

Sent í tölvupósti; [nefnadasvid@althingi.is](mailto:nefnadasvid@althingi.is).

Frumrit póstlagt samdægurs.

Umsögn efnislega samhljóða þessari er jafnframt send vegna þingmáls **251** sem varðar breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996, með síðari breytingum (fækkun lögregluumdæma, aðskilnaður embætta lögreglustjóra og sýslumanna o.fl..)